



FUNDARGERÐ

Miðvikudaginn 27. júlí 2011, kl 17.00 var fundur haldinn í tómskúli- og menningarmálanefnd Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins. Á fundinn voru mætt: Jón Ólafur Sigurjónsson, Elva Dröfn Árnadóttir, Valdimar J. Björnsson, Sigurður Sigurðarson og Magnús B. Jónsson.

Jón Ólafur Sigurjónsson formaður setti fundinn.

1. Kántrýdagar 2011.

a. Styrkir og auglýsingar:

Fundarmenn yfirfóru hvað hefur áunnist við söfnun styrktaraðila eða auglýsenda í dagskrárbækling vegna Kántrýdaga. Nokkur svör hafa ekki borist eða eftir er að ná í mögulega styrktaraðila. Ákveðið að ljúka styrkjasöfnun og auglýsingum fyrir miðvikudaginn 3. ágúst nk.

b. Dagskrá og útgáfa kynningarefnis:

Farið var yfir dagskráratriði sem komin eru og þau sem enn eru óákveðin eða óljós. Ákveðið að öll dagskráratriði verði að vera tilbúinn í næstu viku svo prentun útgáfu verði tímanlega.

Næsti fundur boðaður 3. ágúst nk. kl 17.00

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl 17.50

Jón Ólafur Sigurjónsson,

Elva Dröfn Árnadóttir,

Valdimar J. Björnsson,

Sigurður Sigurðarson

Magnús B. Jónsson.